

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 449/2002 um útflutning hrossa.

1. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður sem verður 2. málslíður, svohljóðandi: Einnig er heimilt að flytja hross með skipum frá 1. apríl ef viðkomandi skip er útbúið með stöðugleikabúnaði, ferðatími er styttri en 24 klst. og sjóveðurspá hagstæð.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 27/2011 um útflutning hrossa og búnaðarlögum nr. 70/1998, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. apríl 2017.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Rebekka Hilmarsdóttir.

Eggert Ólafsson.